

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 164 – 19.12.2012

Miðvikudaginn 19. desember árið 2012, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jóns Magnússonar og Úlfar Sveinsson, Gunnar Björn Rögnvaldsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Tæknilegir tengiskilmálar hitaveitna samþykktir frá atvinnuvegaráðuneytinu 16. okt. 2012
2. Samningur við Skagfirðingasveit um afnot af vélsleðum
3. Önnur mál.
 1. Bókun frá Einari Gíslasyni.

Afgreiðslur:

1. Gunnar Björn gerði grein fyrir nýjum tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna. Samþykkt að setja inn í ný drög að reglugerð fyrir Skagafjarðarveitur vegna tenginga í hús þar sem ekki er daglega viðvera s.s. frístundahús að krefjast þess að settur verði upp utanhúss tengiskápur, sem rúma skal tengigrind hitaveitunnar saman ber grein 4.1.7 í auglýsingu um tæknilega tengiskilmála hitaveitna gefin út af Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu 16. október 2012
2. Samþykkt að endurnýja samning við Björgunarsveitina Skagfirðingasveit um afnot af vélsleðum sveitarinnar. Gunnari Birni falið að ganga frá samningum.
3. Önnur mál.
 1. Bókun frá Einari Gíslasyni.

Þar sem sonur minn Indriði Þór mun taka við starfi sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 1. janúar 2013 mun ég hætta í stjórn Skagafjarðarveitna frá og með sama tíma.

Ég þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum fyrirtækisins fyrir gott samstarf á liðnum árum. Með ósk um að þær breytingar sem verið er að gera á rekstri veitnanna í Skagafirði verði til að styrkja þessa mikilvægu þjónustu og áfram verði haldið á þeirri braut að efla veitustarfsemi í Skagafirði.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf þakkar Einari Gíslasyni fyrir hans óeigingjarnt starf í þágu fyrirtækisins. Einar hefur lagt mikið að mörkum á undanföllum árum til uppbyggingar öflugri veitustarfsemi í þágu íbúa Skagafjarðar. Honum er óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Gunnar Björn Rögnvaldsson (sign)